

## Paulinn 2023 - Fullorðnir

### Krossastaðagil við Þelamörk

Leiðin liggur í Hörgárdal. Ekið er sem leið liggur fram hjá Þelamerkurskóla og Krossastöðum og yfir brú á Krossastaðaá. 1,7 km frá innkeyrslunni að Þelamerkurskóla er beygt til vinstri upp í skógræktina við Vaglí (skilti sem á stendur Vaglí á Þelamörk). Ekið upp vegslóða upp á bílastæði sem þar er, þar er upphafsstaður göngunnar.

Gengið er eftir vegslóða. Eftir u.þ.b. 300 m er beygt upp grófari slóða. Slóðanum er fylgt þar til aftur koma vegamót og er þá beygt aftur til vinstri. Suðurbarmi Krossastaðagils er fylgt upp í gegnum skógræktarreitinn. Hér er gott bláberjaland og í gilinu eru fallegir fossar. Eftir um 1,5 km göngu er farið yfir girðingu (hlið á girðingunni er ekki hægt að opna en hægt að klifra yfir eða smokra sér fram hjá) við efri mörk skógarreitsins og þaðan er fylgt fjárgötum upp með gilinu. Mýrlent getur verið á köflum. Um 700 m ofan girðingarinnar er sérkennilegur höfði sunnan megin í gilinu. Krossastaðaáin rennur í meira en hálfhring í kringum höfðann og er einstigi út á hann. Um 2,5 km ofan skógarreitsins rennur Tungulækur í Krossastaðaána úr suðri. Þar sem lækurinn og áin mætast heitir Tungusporður og þar er falleg fjárrétt sem er okkar áfangastaður. Fara þarf yfir ána til að komast að réttinni.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 8 km. Gönguhækkun 300 m.

Göngutími er áætlaður 2 - 4 klst.